

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sjúkraflutninga.

Frá Guðjóni S. Brjánssyni.

1. Hyggst ráðherra ganga til samninga við Rauða kross Íslands (RKÍ) sem hefur verið samningslaus um rekstur búnaðar til sjúkraflutninga í tvö og hálf ár eða velja aðra leið?
2. Hafi ráðherra í hyggju að semja við RKÍ, til hve langs tíma verður samið?
3. Munu nýir samningar fela í sér áherslubreytingar, svo sem fjölgun eða fækkun sjúkra-
bifreiða og breytingar á staðsetningu þeirra á landsbyggðinni?
4. Hvernig horfir við ráðherra skipulag sjúkraflutninga til langs tíma?
5. Hafa allir þættir þessarar þjónustu verið metnir, bæði þeir sem lúta að gæðum þjónust-
unnar og kostnaði við rekstur, viðhald og þróun?